

Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USK2018110008

5. nóvember 2018

### Hagatorg, nýjar gönguþveranir merktar með gangbrautarmerkingum

Lagt er til að útbúnar verði gönguþveranir yfir Hagatorg og þær merktar sem gangbrautir með D02.11 og tilheyrandi yfirborðsmerkingu, M13.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Myndir til skýringar eru á næstu síðu.

Í gegnum verkefnapakkan betri hverfi er unnið gerð gönguleiðar inn á Hagatorg. Gönguþveranirnar eru staðsettar á svipuðum stað og óskastígur um torgið sýnir. Gert er ráð fyrir að það mikið verði gengið þessa leið að ástæða sé til að merkja þveranirnar sem gangbrautir. Gert er ráð fyrir að akstursleiðin sé þrengd og lýsing bætt, til að bæta öryggi gangandi sem þvera götuna. Verkefnið er hugsað sem fyrsti áfangi stærra verkefnis þar sem torgið er þrengt niður í eina akrein og gönguleið og fleira gert á torginu sjálfu.

Fyrir hönd skrifstofu Samgöngustjóra og borgarhönnunar




---

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
Yfirverkfræðingur samgöngumála



Mynd 1 Núverandi Hagatorg. Fyrirhuguð staðsetning gönguverana sem merktar yrðu sem gangbrautir.



Mynd 2 Drög að útfærslu þrengingar og gangbrautar. Hægrí – Við Melaskóla. Vinstri – Við Hótel Sögu.